

## Skýrsla stjórnar 2017

Vatns- og fráveitufélag Íslands (VAFRÍ) var stofnað 17. apríl 2009. Stofnfélagar voru þá 41. Félagar eru nú 135 talsins.

Helstu markmið félagsins eru að stuðla að öruggum vatnsveitum, bættum vatnsgæðum og vistvænum fráveitum. Félagið vill auka þekkingu á vatns- og fráveitumálum með markvissum hætti og miðla reynslu til fagaðila og almennings.

Í stjórn VAFRÍ sátu áfram Hrund Ó. Andradóttir (formaður, dósent HÍ), Íris Þórarinsdóttir (gjaldkeri, tæknistjóri fráveitu Veitna), María J. Gunnarsdóttir (meðstjórnandi, sérfræðingur HÍ) og Arndís Ósk Ólafsdóttir (ritari, tæknistjóri vatnsveitu Veitna). Nýr í stjórn kom Sigurjón Kjærnested (meðstjórnandi, forstöðumaður fagsviða og staðgengill framkvæmdastjóra hjá Samtökum orku- og veitufyrirtækja á Íslandi, Samorku).

Á árinu 2016-2017 starfaði félagið að fjölbreyttum málefnum og viðburðum:

1. Málþing VAFRÍ um öryggi neysluvatns hjá minni vatnsveitum
2. Hádegisfundur um fráveitumál Vífilfells
3. Norræn vatnsveituráðstefna og erlent samstarf
4. Málefni lítilla vatnsveitna á ýmsum vígstöðvum
5. Málþing VAFRÍ um örplast í skólpi
6. Hönnunarregnskúrir á Íslandi
7. Látinna félagsmanna minnst
8. Örfyrirlestrar
9. Endurbætur á vefsíðu
10. Vísindaferð á Suðurland
11. Innheimta félagsgjalda

## **Málþing VAFRÍ um öryggi neysluvatns hjá minni vatnsveitum**

Vatns- og fráveitufélag Íslands hélt í samvinnu við Samorku hálfsdags málþing föstudaginn 13. maí 2016 undir yfirskriftinni „Öryggi neysluvatns hjá minni vatnsveitum“. Á málþinginu var farið yfir stöðu lítilla vatnsveitna á breiðum grundvelli, með innleggi frá rannsóknasamfélaginu, landlæknisembættinu, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, heilbrigðiseftirlitum, ferðaiðnaðinum og rekstraraðilum lítilla vatnsveitna. Um 50 manns sóttu þingið. Glærur framsögumanna og skriflegt ítarefni er hægt að finna á vefsíðu félagsins.

## **Hádegisfundur um fráveitumál Vífilfells**

Þann 20. maí 2016 þáði Vatns- og fráveitufélagið boð Vífilfells um heimsókn til þess að fræðast um fráveitustefnu og hreinsivirki fyrirtækisins. *Hreinsa*, eina annars stigs hreinsistöðin á höfuðborgarsvæðinu, var skoðuð. Stærð og umfang stöðvarinnar þótti eftirtektarverð. Jafnframt var áhugavert að fá innsýn í sértæka hreinsun á skólpi sem hefur ólíka efniseiginleika en húsaskólp frá blandaðri byggð. 10 meðlimir VAFRÍ sóttu fundinn og höfðu gagn og gaman af.

## **Norræn vatnsveituráðstefna og erlent samstarf**

Tíunda Norræna vatnsveituráðstefnan var haldin í Hörpu dagana 28.-30. september 2016. Samorka sá um skipulagningu ráðstefnunnar í samstarfi við önnur norræn samtök vatnsveitna. Á dagskrá voru erindi, vinnustofur, vísindaferð og fleira tengt öllum helstu málum er varða starfsemi vatnsveitna. Vatns- og fráveitufélag Íslands auglýsti viðburðinn meðal félagsmanna. Viðburðurinn var afar vel sóttur, bæði af íslensku og erlendu fagfólki. Á ráðstefnunni komust stjórnarmeðlimir í samband við sambærileg samtök frá Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Stjórn VAFRÍ sendi samtökunum kynningarbréf um störf félagsins og óskaði eftir frekara samstarfi.

## **Málefni lítilla vatnsveitna á ýmsum vígstöðvum**

Málefni lítilla vatnsveitna voru höfð í hávegum á samnorrænu vatnsveitu-ráðstefnunni í Hörpu sl. haust. Bæði hélt María Jóna Gunnarsdóttir inngangserindi um málefnið og sömuleiðis var ein lota tileinkuð litlum vatnsveitum. Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytið skipaði starfshóp um málefni lítilla vatnsveitna. Í nefndinni sitja m.a. María Jóna Gunnarsdóttir að tilnefningu VAFRÍ og Arndís Ósk Ólafsdóttir að tilnefningu Samorku. Starfsópurinn hefur skrifað minnisblað til umhverfisráðherra. Auk þess var formlega leitað eftir samstarfi við Samtök Ferðaþjónustunnar um námskeiðshald og gerð leiðbeininga um innra eftirlit fyrir litlar vatnsveitur. Undirbúningur þess samstarfs er í gangi.

## **Málþing VAFRÍ um örplast í skólpi**

Umræða skapaðist á haustmánuðum um losun örplasts í sjó frá skólp-hreinsistöðvum. Samnorræn rannsókn sem Matís tók þátt í gaf til kynna að lítil hreinsun færi fram á örplasti á Íslandi í samanburði við hreinsistöðvar í Svíþjóð og Finnlandi. Vatns- og fráveitufélag Íslands og Samorka héldu opið málþing um örplast í skólpi 15. nóvember til þess að draga saman innlenda þekkingu um upptök og afdrif örplasts í skólpi og ræða mögulegar hreinsiaðferðir til verndar lífríkis í viðtaka skólps. Eftir erindin gafst þátttakendum kostur á að spyrja spurninga, ræða við fyrirlesara um málefnið, og leggja sína þekkingu á vogaskálarnar. Um 60 manns sótti þingið. Glærur frá fyrirlestrum eru aðgengilegar á vefsíðu VAFRÍ. VAFRÍ og Samorka munu hvetja til frekari rannsókna á upptökum og afdrifum örplasts á Íslandi í víðara samhengi í framhaldinu.

## **Hönnunarregnskúrir**

Í lok árs 2014 hélt Vatns- og fráveitufélagið fund með sérfræðingum frá rannsóknastofnunum og verkfræðistofum um „framtíð hönnunarregnskúra á Íslandi“. Jónas Elíasson kynnti fyrri rannsóknir og M5 hönnunaraðferðina. Fundurinn ræddi um að skilningur á snörpum rigningaskúrum á Íslandi væri takmarkaður og ályktaði að ofanflóðsmálum ætti að koma í betri farveg.

Stjórn VAFRÍ ræddi að nú væru blikur á lofti um að breytingar á regnskúrum á Íslandi væru hugsanlega að eiga sér stað. Mikil vætutíð var í Reykjavík sl. haust, þar sem bæði 170 ára hitamet og 80 ára úrkomumet féllu í október. Fulltrúar Veitna ehf og Háskóla Íslands funduðu með Veðurstofu Íslands (VÍ) í desember til þess að ræða þéttingu regnmælanets á höfuðborgarsvæðinu og mögulega aðkomu VÍ að mælingum og gögnum, þannig að þau nýtist sem flestum.

Stjórn VAFRÍ fól formanni að ræða við sérfræðinga Háskóla Íslands í byrjun árs 2017. Niðurstaða þess fundar var að vænlegast væri að skipun nefndar **um hönnun vatnavirkja** (t.d. stíflur, ræsi og fráveitur) kæmi frá umhverfísráðuneytinu til að gefa málefninu rétt vægi. Nefndin hafi faglega umsjón með starfinu, skilgreini verkefni og forgangsraði. Nefndin stýri jafnframt fjármögnun og stuðli að samnýtingu þekkingar og innviða milli mismunandi stofnana og hagsmunaaðila. Mikilvægt sé að verkefnisstjóri í hlutavinnu vinni fyrir nefndina. Stefnt er að því að bera þetta upp við umhverfísráðherra sem fyrst.

### Látinna félagsmanna minnst

Vatns- og fráveitufélag Íslands missti tvo afkastamikla meðlimi á starfsárinu. Sveinn Þórólfsson, prófessor emeritus í vatnaverkfræði við Norges teknisk-naturvitenskapelige universitet (NTNU) í Þrándheimi, lést 29. desember. Dagur Jónsson fyrrverandi stjórnarmeðlimur VAFRÍ og veitustjóri Hafnafjarðar lést 9. febrúar. Félagið upplýsti félagsmenn um þessi sáru missi, og birti minningargreinar á vefsíðu sinni. Sveins og Dags verður sárt saknað, og þakkar félagið þeim fyrir störf í sína þágu.

### Örfyrirlestrar

Félagið leitaði til félagsmanna um áhugaverð og ný innlegg. Fyrsti hádegisfyrirlestur í örerindaröð VAFRÍ bar titilinn „Sjálfbærar ofanvatnslausnir í anda Sveins Þórólfssonar“ og var haldinn 15. febrúar 2017. Viðfangsefnið var blágrænar ofanvatnslausnir, sem var eitt helsta áhugamál og fagsvið Sveins Torfa síðustu áratugina. Nýjar leiðbeiningar og rannsóknir á Íslandi voru kynntar, og hlýtt á skemmtilegar frásagnir frá æsku Sveins. Um 70 manns sóttu viðburðinn.

## **Endurbætur á vefsíðu**

Vefsíða félagsins, vafri.hi.is, var yfirfarin á haustmánuðum með það fyrir augum að gera efni meira aðgengilegt.

## **Vísindaferð á Suðurland**

Strax í kjölfar aðalfundar verður farið í árshátíðar- og vísindaferð til þess að fræðast um vatns- og fráveituverkefni hjá Tæknisviði Uppsveita á Suðurlandi, þ.á.m. kölkunarstöð seyru á Flúðum, vatnsveitu við Borg og Búrfell, og nýja hreinsistöð á Brautarholti. Ölvisholt verður sótt heim og endað á kvöldverði í Þrastarlundi.

## **Innheimta félagsgjalda**

Innheimta félagsgjalda hófst í lok maí 2017. Þann 20. júní 2017 höfðu 22 einstaklingar greitt félagsgjöld. Greiðsluseðlar hafa verið sendir 10 aðildar fyrirtækjum sem greiða aðild fyrir um 90 félagsmenn. Í félagsskrá eru um 135 einstaklingar.

Reykjavík 22. júní 2017

Stjórn VAFRÍ

Hrund Ó. Andradóttir, formaður  
Arndís Ósk Ólafsdóttir, ritari  
Íris Þórarinsdóttir, gjaldkeri  
María J. Gunnarsdóttir, meðstjórnandi  
Sigurjón Kjærnested, meðstjórnandi